

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um för yfir landamæri, nr. 866/2017.

#### 1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Útlendingum, sem eru hvorki EES/EFTA-borgarar né ríkisborgarar Andorra, Mónakó, San Marínó eða Vatíkansins, er óheimilt að koma til landsins þrátt fyrir að þeir fullnægi skilyrðum sem fram koma í 5. gr. reglugerðarinnar og 106. gr. laga um útlendinga.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um útlendinga sem hafa gilt dvalarleyfi eða annars konar dvalar- eða búseturétt hér á landi, í öðru EES/EFTA-ríki eða í Andorra, Mónakó, San Marínó eða Vatíkaninu og aðstandendur þeirra.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um aðstandendur íslenskra ríkisborgara, EES/EFTA-borgara eða ríkisborgara Andorra, Mónakó, San Marínó eða Vatíkansins.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um útlendinga sem eru í nánu parsambandi, sem staðið hefur um lengri tíma, með einstaklingi sem er löglega búsettur hér á landi.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um útlendinga sem hafa sannanlega búsetu í einu af þeim ríkjum sem upp eru talin í viðauka 4 við reglugerð þessa og eru að koma til landsins frá viðkomandi ríki.

Ákvæði 1. mgr. á ekki heldur við um útlendinga sem koma til landsins vegna brýnna erinda-gjörða, þ. á m. eftirtalda aðila:

- a. Farþega í tengiflugi.
- b. Starfsfólk á sviði heilbrigðisþjónustu og öldrunarþjónustu.
- c. Starfsfólk sem sinnir flutningum á vöru og þjónustu.
- d. Einstaklinga sem hafa þörf á alþjóðlegri vernd.
- e. Einstaklinga sem þurfa að ferðast vegna brýnna aðstæðna í fjölskyldu sinni.
- f. Einstaklinga og sendinefndir sem koma til landsins á vegum íslenskra stjórnvalda, starfsmenn sendiskrifstofa og aðra fulltrúa erlendra ríkja, starfsmenn alþjóðastofnana og einstaklinga í boði þeirra sem þurfa að koma til landsins vegna starfsemi þessara stofnana, meðlimi herliðs, og starfsmenn sem sinnamannuðaraðstoð og almannavörnum og fjölskyldur framangreindra aðila.
- g. Námsmenn.
- h. Einstaklinga sem þurfa nauðsynlega að ferðast vegna viðskipta eða starfa sem eru þess eðlis að þau er ekki hægt að framkvæma síðar eða erlendis.

#### 2. gr.

Í stað viðauka 4 kemur nýr viðauki 4 sem birtur er með reglugerð þessari.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 781/2020.

*Dómsmálaráðuneytinu, 12. október 2020.*

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.**

---

*Haukur Guðmundsson.*

Nr. 995

12. október 2020

VIÐAUKI 4  
**Listi yfir ríki, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða.**

ÁSTRALÍA  
GEORGÍA  
JAPAN  
KANADA  
NÝJA SJÁLAND

RÚANDA  
SUÐUR KÓREA  
TÚNIS  
TÆLAND  
ÚRUGVÆ

---

B-deild – Útgáfud.: 12. október 2020